



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Handbók Píludeildar 2025



Efnisyfirlit

1. Inngangur

2. Skipulag

3. Umgjörð þjálfunar og keppni

Íþróttaaðstaða

Þjálfun

Skipulag þjálfunar og æfingatöflur

Helstu áherslur við þjálfun barna- og unglingaflokka

4. Fjármálastjórn

Bókhald

5. Þjálfaramenntun

6. Félagsstarf

7. Foreldrastarf

8. Fræðsla og forvarnir

9. Jafnréttismál

10. Umhverfismál

11. Siðareglur

13. Jafnréttisstefna

1. Inngangur

Handbók þessi er afrakstur vinnu stjórnar Píluðeildar Þórs í þeim tilgangi að öðlast viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag.

Fyrirmyndarfélagið er gæðaverkefni ÍSÍ sem tekur fyrir þá þætti sem gott félag þarf að hafa til hliðsjónar til að geta starfað sem best.

Þeir þættir eru helstir:

- Skipulag félagsins
- Umgjörð þjálfunar og keppni
 - Fjármálastjórn
- Félagsstarf
- Fræðslu og forvarnir
- Jafnréttismál
- Umhverfismál.

Hér á eftir er nánar fjallað um hvern þátt fyrir sig.

2. Skipulag deildarinnar

Skipulag og markmið :

Skipurit er nauðsynlegt til að gera grein fyrir uppbyggingu deildarinnar. Það á að auðvelda boðleiðir og upplýsingaflæði.

Skipurit :



Píludeildin er deild innan Íþróttafélagsins Þórs.

Lög félagsins eru jafnframt lög deildarinnar.

Stjórnin er skipuð af formanni, gjaldkera, ritara og tveim meðstjórnendum auk tveggja varamanna.

Helstu tekjur deildarinnar eru af félagsgjöldum og mótum.

Markmið Félagsleg:

Holl hreyfing í góðum félagsskap.

Aðalmarkmiðið er að meðimum píludeildarinnar og gestum okkar líði vel og að þau hafi ánægju af æfingunum.

Þessu ætlum við að ná með því t.a.m. að hafa virkt félagslíf og reyna að vekja meiri og jákvæðan áhuga ungmenna á Pílukasti.

Íþróttaleg:

Ungir iðkendur fá einnig mikla æfingu í hugareikningi þar sem nauðsynlegt er að margfalda, leggja saman og draga frá til að geta spilað pílukast.

Þessu ætlum við að ná með því t.a.m. að byggja starfið upp eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir.

Fjárhagsleg:

Að deildin standi undir sínum rekstri með æfingagjöldum og öðrum fjáröflunum. Þessu ætlum við að ná með því að vera skipulögð í fjármálum.

Deildin er nú komin með unglingastarf undir 18 ára aldri, þar sem við erum

þjóða uppá æfingar fyrir börn og unglinga, einnig erum við komin inn í skólaval grunnskólanna

3. Umgjörð þjálfunar og keppni

Píludeild bórs hefur samþykkt að starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga.

Þjálfunin mun verða byggð þannig upp að hún komi til móts við þarfir og þroska ólíkra aldurshópa sem og einstaklinga. Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef þarf. Samstarfsfundir þjálfara eru haldnir reglulega.

Börnin og unglingar eru í íþróttum á sínum eigin forsendum og ekki allir íþróttamenn ætla sér að verða afreksmenn svo taka verður mið af því í þjálfuninni.

Sumir stefna á keppni og afrek í sinni grein en aðrir stunda íþróttir eingöngu sem skemmtun eða afþreyingu.

Stjórn Píludeildar er með pílumót fyrir 10-18 ára þetta er hugsað til að kynna starfsemina og að koma til móts við þá iðkendur sem hafa verið hjá okkur.

Allir þátttakendur fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Þetta mælist vel fyrir, og erum við því með fastan keppnislið fyrir börn og unglinga og með því fjölgar í deildinni.

Kennslu og æfingaskrá :

Æfingar barna og unglinga eru 2 svar í viku í 1.5 klst í senn. Fyrst og fremst unnið með tækniatriði og nákvæmni.

Einnig er lögð áhersla á að auðvelda og fá hraða í útreikninga á sem líflegastan og skemmtilegastan hátt. Einnig höfum við tekið í notkun sjálfvirkan búnað sem reiknar sjálfkrafa fyrir þá sem eiga erfitt með frádrátt, en mikil framför hefur verið í búnaði undanfarin ár

Fullorðnir æfa 2 kvöld í viku c.a 2.5 klst í senn.

4. Fjármál

Fjármálastjórn : Bókhald yngri og eldri er nú aðskilið. Þar sem yngri iðkendur fer fjölgandi þjálfarar fá greitt fyrir störf sín.

Starfsfólk aðalstjórnar annast færslu bókhalds og gerð rekstrarreiknings.

Fjárhagsáætlun

Rekstrarárið er 1. janúar til 31. desember ár hvert. Gera skal rekstraráætlun ár hvert sem skilað er til aðalstjórnar fyrir dd.mm. Rekstraráætlun deildar gengur inn í rekstraráætlun félags sem skilað er inn til ÍBA fyrir dd.mm ár hvert samskvæmt rekstrarsamningi félags og Akureyrarbæjar.

Gjaldkeri deildar greiðir reikninga deildarinnar og skilar öllum nauðsynlegum gögnum til bókara félagsins.

Laun þjálfara

Laun þjálfara miðast við menntun þeirra og reynslu. Einnig er tekið mið af umfangi og iðkendafjölda. Sambærileg laun eru greidd óháð kynferði þjálfarans eða þeirra sem hann þjálfar.

Þjálfarar eru launþegar. Allir þjálfarar eru með skriflegan ráðningarsamning.

5. Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun fer fram hjá ÍSÍ.

6. Félagsstarf

Félagsstarf innar deildarinnar er mjög þétt yfir veturinn og uppskeruhátíð á vorin

7. Foreldrastarf

Foreldrafélag er skipað þremur foreldrum

Fjáraflanir eru í höndum stjórnar og foreldrafélagsins

8. Fræðsla og forvarnir

Deildin vinnur í samræmi við stefnu aðalstjórnar félagsins og skuldbindur sig að fylgja henni.

Sjá handbók aðalstjórnar:

<https://www.thorsport.is/static/files/handbo-k-adalstjo-rnar-tho-rs-2020.docx.pdf>

9. Jafnréttismál

Deildin vinnur í samræmi við stefnu aðalstjórnar félagsins og skuldbindur sig að fylgja henni.

Sjá handbók aðalstjórnar:

<https://www.thorsport.is/static/files/handbo-k-adalstjo-rnar-tho-rs-2020.docx.pdf>

10. Umhverfismál

Deildin vinnur í samræmi við stefnu aðalstjórnar félagsins og skuldbindur sig að fylgja henni.

Sjá handbók aðalstjórnar:

<https://www.thorsport.is/static/files/handbo-k-adalstjo-rnar-tho-rs-2020.docx.pdf>

11. Siðareglur

Deildin vinnur í samræmi við stefnu aðalstjórnar félagsins og skuldbindur sig að fylgja henni.

Sjá handbók aðalstjórnar:

<https://www.thorsport.is/static/files/handbo-k-adalstjo-rnar-tho-rs-2020.docx.pdf>

12. Persónuverndarstefna

Deildin vinnur í samræmi við stefnu aðalstjórnar félagsins og skuldbindur sig að fylgja henni.

Sjá handbók aðalstjórnar:

<https://www.thorsport.is/static/files/handbo-k-adalstjo-rnar-tho-rs-2020.docx.pdf>